


*Hlutverk notenda við framkvæmd
notendastýrðar persónulegrar
aðstoðar (NPA). – verkstjóri ?*

Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins.

**NPA er ekki einfalt mál!
Mistök eða svik eru mjög dýr!
Vöndum öll skil til hins
opinbera!
Hvaða hatt ætlum við að bera?**



verkstjóri – vinnuveitandi



Verkstjóri!

- Velja starfsmann sem sinnir aðstoðinni. Einn eða fleiri.
- Fylla út vinnuskýrslur svo hægt sé að greiða laun.
- Þjálfar starfsmann í aðstoðinni við þig.
- Tryggja viðunandi vinnuaðstæður.
- Passa allar nótur fyrir kostnaði við aðstoðina.
- Fá hópinn til að vinna saman að verkefninu sem allt snýst um, að halda einstaklingnum virkum í lífinu sem hann/hún hefur valið sér.
- Sjá um að gagnkvæm virðing sé ráðandi á milli allra aðila.





Verkstjóri þarf einnig að:

- Vera stjórnandi aðstoðarfólks.
- Skipuleggja vinnutíma aðstoðarfólks og gera fyrir það starfslýsingar. Í samvinnu við vinnuveitandan.
- Nú setjum við upp hatt vinnuveitandans, gerðu svo vel Bryndís.



*Hlutverk notenda við framkvæmd
notendastýrðar persónulegrar aðstoðar
(NPA). – vinnuveitandi*

Bryndís Snæbjörnsdóttir, foreldri

Hver er vinnuveitandi í NPA

- Notandi getur verið vinnuveitandi og sér hann þá sjálfur um alla umsýslu í tengslum við ráðningu starfsmanna, greiðslu launa o.þ.h. og ber þar með sjálfur ábyrgð á öllu því er lýtur að skyldum vinnuveitanda.
- Notandi gerir samning við sjálfstæðan aðila sem þarf að hafa samstarfssamning við viðkomandi sveitarfélag. Þessi aðili sér þá um alla umsýslu sem tengist vinnuveitendahluverkinu og fara aðstoðarmenn á launaskrá hjá honum.

Hvað gerir vinnuveitandi

- tekur við greiðslum skv. samningi og ber ábyrgð á að greiða laun starfsmanna og sjá um skil á launatengdum gjöldum s.s. greiðslum í lífeyrissjóði, til stéttarféлага, skatta, tryggingar og annað sem almennt telst til skyldu vinnuveitanda á vinnumarkaði.
- gerir rekstaryfirlit og skilar til sveitarféлага eins og krafist er hverju sinni.

Vinnuveitandinn

- styður notanda við að auglýsa eftir starfsfólki, taka starfsmannaviðtöl og gera ráðningarsamninga
- veitir notanda (verkstjóra) ráðgjöf og stuðning við að gera vinnuskipulag fyrir starfsfólk eftir óskum
- styður notanda við að skapa öruggt aðtoðarmannakerfi

Ábyrgð

- Ábyrgð vinnuveitanda er mikil þar sem hann þarf að uppfylla allar lagalegar skyldur sem snúa að því að stunda atvinnustarfsemi. Mikilvægt er að tryggja að sá sem tekur að sér hlutverk vinnuveitanda í NPA samningi, hvort sem það er notandinn sjálfur eða sjálftæður aðili með samning við sveitarfélagið, sé vel upplýstur um þá ábyrgð sem í því felst.

Að lokum

- Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf leggur ríka áherslu á að fatlað fólk með NPA hafi aðgang að jafningjaráðgjöf frá umsýsluaðilum í hlutverki sínu sem yfirmenn aðstoðarfólks.
- Erlendar rannsóknir sýna að ánægja notenda er mest þegar þjónustufyrirtækin eru rekin af fötluðu fólki fyrir fatlað fólk.